

Til Norðurlandaráðs

Svar við skriflegri fyrirspurn 12/24 um:

E 12/24 Skrifleg fyrirspurn um forsendur fyrir skapandi atvinnugreinar á Norðurlöndum

1. Hvernig er fyrirkomulag greiðslna til skapandi atvinnugreina í norrænu löndunum?
2. Hvaða aðgerðir hafa verið teknar eða verða teknar í norrænu löndunum til að mæta þessari hröðu tækniþróun?
3. Er sameiginleg norræn sýn á skattlagningu fjölþjóðlegra fyrirtækja á menningarsviði?

Til Norrænu ráðherranefndarinnar

4. Hefur ráðherranefndin einhver áform um að auka samstarf eða samræmingu norrænu kerfanna á þessu sviði?

Svar norrænu ríkisstjórnanna

1. *Hvernig er fyrirkomulag greiðslna til skapandi atvinnugreina í norrænu löndunum?*

Hvað varðar höfundarrétt hafa sérstök greiðslukerfi ekki verið tekin upp í Danmörku fyrir skapandi greinar vegna gervigreindar. Það eru einstakir rétthafar og samtök þeirra sem gera samningana og fyrirkomulag greiðslna er mismunandi milli geira.

Í Finnlandi má líta á skapandi greinarnar sem víðtæk viðskiptahagkerfi sem snerta einnig opinbera stjórnsýslu. Í Finnlandi hafa mennta- og menningarmálaráðuneytið og vinnumála- og atvinnulífsráðuneytið í sameiningu og hvort fyrir sig gripið til ýmissa aðgerða sem beinast að skapandi greinum. Vaxtarsamningur fyrir skapandi greinar er nútímaleg leið til að leita vaxtarhvetjandi aðgerða ásamt viðkomandi atvinnugreinum. Greinargerð ríkisstjórnarinnar um menningarstefnu er mjög mikilvæg og mælir fyrir um markmið í menningarstefnu landsins.



Í apríl 2024 lagði sænska ríkisstjórnin skjalið „Áætlun fyrir fyrirtæki sem starfa við menningu og skapandi greinar“ (skr. 2023/24:111) fyrir þingið. Í skjalinu kemur fram að ríkisstjórnin telji kerfið fyrir stuðning, ráðgjöf og fjármögnun fyrirtækja eiga að vera almennt og að mikilvægt sé að stofnanir og aðrir aðilar sem veita fyrirtækjum, nýsköpun og listastarfsemi ráðgjöf, stuðning og fjármögnun vinni saman til að færni þeirra styrki verkefni annarra þegar við á. Í skjalinu kemur einnig fram að sem stendur liggja ekki fyrir heildarmynd af því hvernig fyrirtæki á sviði menningar og skapandi greina eru fjármagnaðar.

Niðurgreiðslur til skapandi greina í Noregi eru tvíþættar. Flestallir styrkir sem hægt er að sækja um eru hluti af stjórnþæki atvinnuá- og sjávarútvegsráðuneytisins fyrir atvinnulífið. Úrræðið felur í sér ýmis úrræði og áætlanir á borð við lán, styrki, ábyrgðir og ýmis þekkingarúrræði til að aðstoða atvinnulífið við rannsóknar- og þróunarstarf, stofnun, vöxt, stækkun og útflutning. Markmiðið er að styðja við atvinnuþróun sem eykur samanlagða verðmætasköpun í Noregi innan sjálfbærs ramma. Fyrirtæki í skapandi greinum get sótt um styrki úr þessum stjórnþækjum samkvæmt sömu skilyrðum og fyrirtæki í öðrum greinum.

Til viðbótar við stjórnþæki fyrir atvinnulífið veitir menningar- og jafnréttisráðuneytið 21 milljón norskra króna (árið 2024) í verkefnastyrki til Innovasjon Norge fyrir menningarsvið og skapandi atvinnugreinar. Þeirri fjárveitingu er ætlað að stuðla að uppfyllingu markmiðs félagsins um fleiri góða stofnendur, fleiri fyrirtæki í örum vexti og nýsköpunarumhverfi í atvinnulífinu. Markmiðið er að norsk fyrirtæki og fjárfestar fjárfesti í vörum og þjónustu, réttindum og hæfileikum innan menningar og skapandi greina, sem og að þróa fleiri fyrirtæki sem vaxa ört og selja menningarlegt og skapandi efni bæði í Noregi og á alþjóðavettvangi.

Samkvæmt Menningarsókn – aðgerðaáætlun um listir og menningu til 2030 – hyggjast stjórnvöld marka sér skýra höfundarréttarstefnu og efla fræðslu til að auka skilning og vitund um mikilvægi höfundarréttar sem undirstöðu menningar. Í höfundarréttarstefnunni verður m.a.kveðið á um fræðslu, áhrif nýrrar tækni, t.d. gervigreindar, á stöðu höfunda, réttláta samningagerð til að tryggja endurgjald til höfunda og flytjenda og um leið einfalda aðgengi að menningarefni.

Ísland hefur á undanförunum árum birt stefnur á ýmsum sviðum lista og menningar, t.d. kvikmynda, myndlistar, tónlitar, hönnunar og byggingarlist. Verið er að þróa stefnu um sviðslistir og bókmenntir. Allar stefnurnar fjalla sérstaklega um höfundarrétt og aukna fræðslu um málefni höfundarréttar. Stefna Íslands um gervigreind var gefin út árið 2021. Norræna ráðherranefndin um starfræna væðingu (MR-DIGITAL) gaf út yfirlýsingu, Digital North 2.0, sem vísað er á í Framtíðarsýn okkar 2030. Í henni er fjallað um nauðsyn



Þess að stuðla að grænum hagvexti og sjálfbærri þróun á svæðinu sem tekur til Norðurlanda og Eystrasaltsríkja með gagnadrifinni nýsköpun og sanngjörnu gagnahagkerfi til þess að samnýting og endurnýting gagna verði skilvirk. Fyrir lítið land eins og Ísland, sem býr ekki yfir jafn miklum gögnum á öllum sviðum og stærri þjóðir, skiptir slíkt norrænt eða alþjóðlegt samstarf um gögn sköpum og mun auka samkeppnishæfni umtalsvert.

Í Færeyjum tryggja lög um höfundarrétt rétt höfum greiðslur. Auk þess njóta þeir bókasafnsgjalda, einnig fyrir myndlist sem lánuð er út. Þjóðlistasafnið hefur tekið upp skoðunargjald í tengslum við sýningar.

2. *Hvaða aðgerðir hafa verið teknar eða verða teknar í norrænu löndunum til að mæta þessari hröðu tækniþróun?*

Á sviði höfundarréttarmála hafur menningarmálaráðherra Danmerkur skipað sérfræðingahóp um höfundarrétt og gervigreind. Sérfræðihópurinn mun gefa ráðleggingar um hvernig bregðast má við þeim árskorunum sem gervigreind hefur í för með sér fyrir höfundarréttarkerfið.

Í Finnlandi fylgjast menningar- og listasviðin og hagsmunaaðilar vel með tækniþróuninni og taka í notkun þau verkfæri sem hún býður upp á. Hluti af innleiðingu stuðningssjóðs ESB fyrir endurheimt og viðnámsþol (RRF) fól í sér að mennta- og menningarnefndin innleiddi innviðastyrki fyrir listir og menningu sem og skapandi greinar. 30 milljónir evra voru í boði fyrir styrkina. Tilgangur innviðastyrkjanna var sérstaklega að stuðla að stafrænum umskiptum. Ríkisstjórnin leitast einnig við að stuðla að auknu rannsóknar- og þróunarstarfi innan skapandi atvinnugreina og markaðssetningu nýsköpunar sem byggir á rannsóknum innan lista og menningar með því að fjármagna rannsóknar- og þróunarstarf. Líklegt er að slíkt rannsóknar- og þróunarstarf og sú nýsköpun sem það skapar hafi sterk tengsl við tækniþróunina.

Samkvæmt einum af markmiðunum í áætlun Svíþjóðar þurfa fyrirtæki og opinberir aðilar að hafa góða þekkingu á höfundarrétti og þýðingu höfundarréttar fyrir fyrirtæki sem starfa innan menningargeira og skapandi greina, sem og þeim skilyrðum sem tækniþróunin skapar. Í skjalinu kemur einnig fram að mikilvægt sé að opinberir aðilar fylgist með því hvernig ný tækni virkar, ekki síst hin hraða gervigreindarþróun. Hvaða viðskiptalíkön þau gefa tilefni til og hvernig verðmæti skapast í fyrirtækjum, m.a. innan menningargeira og skapandi greina. Stefnuáætlun sænsku ríkisstjórnarinnar er ætlað að gilda í tíu ár (2024-2033) og á því tímabili hyggst ríkisstjórnin eiga stöðugt samráð við atvinnugreinarnar um framgang vinnunnar samkvæmt áætluninni og hvaða þarfir þær sjá.



Í Noregi mun ríkisstjórnin m.a. leggja fram vegvísi um skapandi greinar. Vegvísinum er ætlað að grein frá stöðu greinanna í dag og sýna metnað og markmið ríkisstjórnarinnar til framtíðar og hvernig rammaskilyrði og valin aðgerðasvið geta stuðlað að því að markmiðunum verði náð. Einnig er hafin vinna við að geta umbætur á stjórnþæki fyrir atvinnulífið, „Virkemiddelapparatet 2.0“. Markmiðið er að skaða heilstætt og samræmt stjórnþæki fyrir fyrirtækin. Atvinnumála- og sjávarútvegsráðuneytið ber meginábyrgð á þessum aðgerðum.

Ekki hefur verið gripið til neinna sértækra aðgerða í Færeyjum að undanskildum höfundarréttarlögunum.

Ráðuneytið vinnur að frumvarpi um framlag streymisveitna til íslenskrar menningar og íslenskrar tungu. Með frumvarpinu er lagt til að lögfest verði ný skylda innlendra og erlendra streymisveitna, sem beina þjónustu sinni til almennings á Íslandi, til að greiða svokallað „menningarframlag“ til íslensks samfélags. Streymisveitur eru fjölmiðlaveitur sem miðla efni eftir pöntun (e. VOD), sumar eingöngu innanlands en aðrar yfir landamæri til fleiri ríkja. Markmið frumvarpsins er að efla íslenska menningu og tungu með því að hvetja til fjárfestingar í framleiðslu á innlendu efni sem er að meginhluta á íslensku eða með aðra íslenska skírskotun. Frumvarpið er byggt á öðrum norrænum og evrópskum fyrirmyndum.

Í sáttmála núverandi ríkisstjórnar Íslands kemur fram að áfram verði unnið að því að styrkja stöðu íslenskunnar í stafrænum heimi með áherslu á máltækni. Í því augnamiði skipaði menningar- og viðskiptaráðherra í maí 2023 stýrihóp til að meta og greina bestu aðferðir fyrir langtímasambættingu máltækni í stjórnþæki og leggja drög að næstu opinberu Máltækniáætlun. Í áætluninni er bent á sjö aðgerðir og er hún byggð á fyrri máltækniáætlun.

Markaðssetningarverkefninu Skapandi Íslandi er ætlað að efla vitund um íslenskar listir og skapandi greinar á erlendum mörkuðum, auka þekkingu alþjóðlegs fagfólks á listum og skapandi greinum á Íslandi og styðja við útflutning íslenskra listamanna og hins skapandi geira. Skapandi Ísland er samstarfsverkefni Íslandsstofu og stjórnvalda og unnið í samstarfi við miðstöðvar listgreina og fagfólks innan greinanna.

3. *Er sameiginleg norræn sýn á skattlagningu fjölþjóðlegra fyrirtækja á menningarsviði?*

Ekki er til nein yfirlýst sameiginleg norræn sýn á skattlagningu, en umræður standa yfir um ýmis málefni sem tengjast fjölþjóðlegum fyrirtækjum á menningarsviði, t.d. í tengslum við norrænu hugveituna.



Í Noregi voru nýlega samþykkt ný lög um viðbótarskatt á vanskattlagðar tekjur í fyrirtækjasamstæðum („suppleringskatteloven“). Löggin geta haft áhrif á tiltekin fjölbjóðleg fyrirtæki á menningarsviði. Reglurnar voru þróaðar með víðtæku OECD-samstarfi fleiri en 140 ríkja, þar á meðal norrænu landanna.

Ísland lýsir því yfir að mikilvægt er að tæknirisarnir fylgi þeim lögum og reglurömmum sem gilda hverju sinni á Norðurlöndum, í ESB og EFTA-ríkjunum. Norðurlönd geta staðið saman sem sterk heild til að standa vörð um og kynna norræna menningu. Norðurlönd deila sameiginlegri og svipaðri menningu og lýðræðisgildum. Tæknirisarnir eru orðnir að lykilaðilum í lýðræðinu og samfélögum okkar í dag. Fyrirtækin skapa tækifæri fyrir fólk til að tengjast, deila þekkingu og rækta félagsleg tengsl. Hætta er á því að hatusorðræða og falsupplýsingar grafi undan lýðræðissamfélögum og leiði til frekari klofnings. Þess vegna er mikilvægt að styðja við nýsköpun og frjálsa sköpun í listum og menningu. Einnig er mikilvægt að Norðurlönd hafi aðgang að fjölbreyttum og opnum miðlum til að bregðast við einokun tæknirisanna í samfélagsumræðu.

Svar Norrænu ráðherranefndarinnar

Fyrir hönd Norrænu ráðherranefndarinnar um menningarmál

- 4. Hefur ráðherranefndin einhver áform um að auka samstarf eða samræmingu norrænu kerfanna á þessu sviði?*

Á tímum þegar aðstæður og forsendur þeirra sem starfa við menningu og fjölmiðla breytast vegna stafrænnar þróunar, áhrifa stóru tæknifyrirtækjanna og gervigreindar eiga Norðurlönd að vinna í sameiningu að þeim áskorunum og tækifærum sem stafræn þróun hefur í för með sér.

Í drögum að nýrri samstarfsáætlun í menningarmálum (2025-2030) kemur áfram fram skýr metnaður til að vinna að sýnilegum, samkeppnishæfum og skapandi Norðurlöndum. Eitt af undirmarkmiðum samstarfsáætlunarinnar fjallar um áskoranir í menningarmálum í kjölfar nýrrar tækni, þar á meðal gervigreindar. Aðgerðasvið og beinar aðgerðir til að fylgja undirmarkmiðinu eftir verða þróuð innan ramma starfsáætlunar tímabilin 2025-2027 og 2028-2030, í þeirri röð.

Stokkhólmur, 3. júlí 2024

Parisa Liljestrang, menningarmálaráðherra Svíþjóðar